



KONA FER Í STRÍÐ

Leikstjóri **Benedikt Erlingsson**

www.kvikmyndavefurinn.is/films/nr/1926

Söguþráður

Halla lýsir yfir stríði við álframleiðslugeirann. Alla jafna er hún hæglátur kórstjóri en undir yfirborðinu lifir hún tvöföldu lífi sem sjóðheitur og baráttuglaður aðgerðasinni. Hún gerir ótrúlega hluti eins síns liðs til að ná stjórn á skrímslamöstrunum í eitt skipti fyrir öll. Halla er tilbúin til að fórna öllu fyrir íslensku víðernin.

Um myndina

Kona fer í stríð vakti mikla athygli þegar hún var frumsýnd í Cannes og er fersk og orkurík mynd sem fylgir eftir fyrri mynd Benedikts Erlingssonar, *Hross í oss*.

Kona fer í stríð fékk kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs og fleiri verðlaun á norrænum kvikmyndadögum í Lübeck og er framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna.

Verkefni úr myndinni

Spurningarnar/verkefnin koma ekki í ákveðinni röð. Kennarar geta valið úr þeim til að beina útkomunni í ákveðna átt. Hver kennari verður einnig að meta (og mögulega aðlaga) erfiðleikastigið út frá nemendum.

Sumar spurninganna ljóstra upp um ákveðna þætti undir lok myndarinnar. Því er betra að bera þær upp þegar búið er að horfa á myndina.

Áður en horft er á myndina

1. Setjið ykkur inn í hvers konar mynd er í vændum. Lesið söguþráðinn og horfið á stikluna. Ræðið innan bekkjarins við hverju er að búast.
2. Hvað veistu um Úkraínu? Ræðið það í bekknum.

A Persónurnar

1. Lýsið Höllu. Hvers konar manneskja er hún, út frá því sem við sjáum í myndinni?
2. Hvað er líkt með henni og Ásu, tvíburasystur hennar?
3. Hvaða tilgangi þjónar Spánverjinn í myndinni?
4. Hvernig eru Halla og Sveinbjörn skyld?
5. Hvaða tvöfalda tilgangi þjónar Baldvin?
6. Baldvin óttast afleiðingar þess að hjálpa Höllu hvað starf hans varðar. Hefur þú lent í því að aðrir hafi sett þig í hættulega
7. eða erfiða stöðu? Gefðu dæmi.
8. Settu þig í spor Höllu. Gat hún leyst málin á annan hátt? Gefðu dæmi.
9. Hvað telurðu jákvætt í fari Höllu og við það sem hún hefur brennandi ástríðu fyrir?
10. Hvernig heldurðu að Halla myndi lýsa Ásu, tvíburasystur sinni,
11. og öfugt?
12. Hvaða gildi heldurðu að skipti Höllu máli og hvaða gildi
13. skipta Ásu máli?
14. Af hverju heldurðu að Halla segi ekki tvíburasystur sinni að hún sé skemmdarvargurinn og því glæpamaður?
15. Hvernig myndirðu lýsa öðrum persónum myndarinnar? Hvaða tilgangi þjóna þær fyrir atburðarásina?

B Landafræði/náttúra

1. Hvað verður til þess að Halla eyðileggur raflínustaurana?
2. Hvað er það í myndinni sem sýnir að náttúran skiptir hana miklu?
3. Hvað er svona sérstakt við íslenska náttúru? Hvernig er hún ólík evrópskri náttúru? Gefið dæmi.
4. Af hverju skiptir náttúruvernd svo marga svo miklu? Gefið dæmi.
5. Hvað er hnatthlýnun? Gefið dæmi.
6. Á hvern hátt leggur þú af mörkum til að vernda náttúruna og umhverfið kringum þig? Gefið dæmi.
7. Af hverju valda náttúruvernd og umhverfismál svo mikilli óeiningu og umræðum í fjölmiðlum og stjórnmálum? Gefið dæmi.

8. Notaðu Gapminder eða aðra álíka miðla og kynntu þér íslenska lýðfræði. Hvernig er íbúabróun? Hve stór hluti landsins er ósnortin náttúra og þéttbýli?

C Tónlist

1. Tónlistin er mikilvægur áhrifaþáttur í myndinni. Á hvern hátt?
2. Hvað finnst þér um að tónlistarmennirnir séu sýnilegir í myndinni? Hvaða áhrif hefur það? Rökstyðjið svarið vel.
3. Hvernig undirstrikar tónlistin atburðarásina? Gefið dæmi.
4. Af hverju heldurðu að úkraínsk þjóðlög og þjóðbúningar séu hluti myndarinnar? Hvaða áhrif hefur það og af hverju?
5. Hvers konar tónlist þykir þér mest varið í? Gefðu dæmi um hljómsveitir og söngvara sem þú kannt að meta. Hver og hvað hefur haft mest áhrif á að þú hlustar á einmitt þessa tónlist?
6. Geturðu gefið dæmi úr lífi þínu þar sem þú hefur skynjað að tónlist skipti þig mjög miklu?
7. Af hverju heldurðu að þjóðlög skipti þjóðlönd máli?
8. Í myndinni sjáum við að tónlist er túlkuð í kórsöng, einleik, þjóðlögum og í tríói. Á hvaða ólíka vegu er hægt að nota tónlist til að tjá hver maður er?
9. Gutlar þú í tónlist í frístundum? Ef svarið er já, hvers konar tónlist þá og af hverju skiptir hún þig máli? Rökstyðjið svarið vel.

D Stjórnmal, mótmæli, fyrirmyndir

1. Heima hjá Höllu hanga myndir af Mahatma Gandhi og Nelson Mandela á veggjunum. Halla notar líka Nelson Mandela-grímu til að hylja andlit sitt. Af hverju heldurðu að þessir tveir menn hangi uppi á vegg hjá henni?
2. Hverjir voru Nelson Mandela og Mahatma Gandhi og hvaða merkingu hafa þeir fyrir atburðarás myndarinnar? Gefið dæmi og rökstyðjið svörin vel.
3. Hverja fleiri þekkirðu sem hafa barist fyrir því sem þeir trúa á? Gefið dæmi.
4. Átt þú þér fyrirmyndir? Af hverju einmitt þessir aðilar? Rökstyðjið svörin vel.
5. Hvað þýðir borgaraleg óhlýðni? Geturðu gefið dæmi?
6. Af hverju heldurðu að fólk gangi langt til að skemma fyrir það sem það trúir á? Af hverju grípa menn til ólöglegs athæfis til að berjast fyrir einhverju? Rökstyðjið svörin.
8. Er hægt að leysa málin á annan veg?
9. Telurðu mikilvægt að berjast fyrir því sem þú trúir á? Af hverju/af hverju ekki?
10. Hvað skiptir þig mestu? Af hverju þetta? Rökstyðjið svörin vel.
11. Hefurðu einhvern tíman verið á röngum stað á röngum tíma?
12. Hvað gerðist og hvernig var það?

F Fjölskylduform, ættleiðingar

1. Hvaða fjölskylduform þekkir þú? Gefðu dæmi.
2. Skiptir fjölskyldan þig miklu? Af hverju/af hverju ekki?
3. Hvort heldurðu að skipti mestu máli og móti þig sem manneskju, erfðir eða umhverfi? Rökstyðjið svörin vel.
4. Áttu systkini? Hvaða máli skipta þau þig?
5. Hvað er ættleiðing? Þekkirðu einhvern sem er ættleiddur?
6. Af hverju heldurðu að Halla teikni blóm sem vex upp úr jörðinni þegar hún hittir Nika fyrst?
7. Hvað heldurðu að gerist hjá Nika og Höllu?

G Atriði úr myndinni

Ræðið myndina í bekknum. Hvaða atriði munið þið best? Hvers vegna?

1. Hér fyrir neðan eru talin upp atriði úr myndinni. Vinnið eitt eftirfarandi verkefna.
 - Endursegið atriðið með öðrum úr bekknum.
 - Leiktúlkið atriðið með öðrum úr bekknum.
 - Teiknið eða málið atriði úr myndinni.

Atriðin eru þessi:

- Þegar Halla vinnur skemmdarverk á raflínunum.
- Þegar Halla felur sig fyrir lögreglu.
- Þegar Halla fær að vita að hún megri ættleiða.
- Þegar Halla og systirin hittast í fangelsinu.
- Þegar Halla og Nika hittast í fyrsta sinn.

H Hagnýt verkefni og hópavinna

1. Gerið hlutverkaleik úr einu atriði myndarinnar
2. og leikið í hópum fyrir hin.
3. Hugsaðu þér að þú ætlir að taka þátt í mótmælum.
4. Þú mátt velja málefnið eða leita í raunverulegan málstað eða atvik sem skipta þig máli. Gerðu skiltið sem þú tækir með þér.
5. Haldið málfund. Skiptið bekknum í tvo eða fleiri hópa og tveir hópar velja sér afstöðu í ákveðnu máli, gjarnan tengt umhverfismálum eða loftslagsmálum. Rökræðið málið með úthugsuðum dæmum. Hver vinnur?
6. Gerðu tímalínu þar sem þú lýsir mikilvægustu atburðum í sögu Íslands frá landnámi til dagsins í dag.
7. Gerðu skoðanakönnun í bekknum um það hvað samnemendur þínir gera fyrir umhverfið. Kynntu niðurstöðurnar með aðferð að eigin vali.
8. Stattu fyrir plokkegi með bekknum þínum eða gerðu eitthvað annað gott fyrir umhverfið og náttúruna.

I Spurningar í kvikmyndafræði

1. Hversu góð fannst þér myndin?
2. Finnst þér myndin eiga erindi við þinn aldur? Rökstyddu svarið.
3. Er þetta mynd sem þú hefðir valið að sjá í bíó? Af hverju/af hverju ekki?
4. Hvaða tilfinningar vakti myndin?
5. Hvað fannst þér um leikarana? Voru þeir trúverðugir? Rökstyddu svarið vel.
6. Veldu þér persónu sem þú kunnir vel við eða kunnir ekki við, og lýstu viðkomandi. Hvers vegna valdirðu einmitt þetta hlutverk?
7. Greindu myndina Kona fer í stríð, tjáðu eigin skoðanir, rökstyddu þær og settu í samhengi við samtímann.

Aðstandendur og starfslið

Leikstjórn **Benedikt Erlingsson**

Handrit **Benedikt Erlingsson, Ólafur Egilsson**

Aðalhlutverk **Halldóra Geirharðsdóttir**

Aukahlutverk **Jóhann Sigurðarson, Davíð Þór**

Jónsson, Magnús Trygvason Eliassen

Stjórn kvikmyndatöku **Bergsteinn Björgúlfsson**

Klipping **Davíð Alexander Corno**

Tónlist **Davíð Þór Jónsson**

Aðal framleiðandi **Marianne Slot,**

Benedikt Erlingsson, Carine Leblanc

Meðframleiðandi **Serge Lavrenyuk, Bersteinn**

Björgúlfsson, Birgitta Björnsdóttir

Lengd **100 mín.**

Framleiðsluár **2018**

Kennslufni unnið fyrir **Filmweb.no/skolekino**

Texti **Jannicke Eriksen**

Þýðandi **Nanna Gunnarsdóttir**